

Mál nr. 37/2007
M og
Vátryggngafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á Flatahrauni í Hafnarfirði þ. 30.12.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.2.2007 ásamt frekari upplýsingum um tjónsatburð.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 94/07
3. Tjónaskýrsla dags. 30.12.2006
4. Bréf ökumanns B dags. 21.1.2007 og farþega í B dags. sama dag.

Málsatvik.

Ökumaður A segir að B hafi ekið á sig af bílaplani og hafi ekki virt stöðvunarskyldu. Ökumaður B segir að B hafi verið nýlögð á stað inn á aðalbraut þegar A hafi komið á miklum hraða og ákveðið að fara fram úr B þrátt fyrir eyju á miðri götunni og hafi A sveigt að B vegna eyjunnar og árekstur orðið. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B

Álit.

Ágreiningur er með aðilum um aðdraganda árekstursins og staðsetningu bifreiðanna. Ekki verður miðað við fyrirliggjandi gögn lögð sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðila ber helming sakar.

Reykjavík. 16.3. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.